

49

19. júní

L Ö G

um breyting á lögum um manntal í Reykjavík.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

Störf þau, sem lögreglustjóranum í Reykjavík eru falin í lögum nr. 18 13. sept. 1901, skulu hér eftir falin borgarstjóranum í Reykjavík.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Amaliuborg, 19. júní 1933.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Magnús Guðmundsson.

50

19. júní

L Ö G

um bráðabirgðabreyting nokkurra laga.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

1. Framkvæmd laga nr. 50 10. nóv. 1913, um að landssjóður leggi landsbankanum til 100 þúsund krónur á ári í næstu 20 ár, er frestað til ársloka 1934.
2. Tekjur eftir lögum nr. 56 31. maí 1927, um skemmtanaskatt og þjóðleikhús, renna í rikissjóð til ársloka 1934.

3. Tekjur eftir lögum nr. 58 8. sept. 1931, um einkasölu ríkisins á tóbaki, skulu renna í ríkissjóð til ársloka 1934. **50**
19. júní
4. Framkvæmd 2. og 3. gr. laga nr. 45 10. nóv. 1913, um bjargráðasjóð Íslands, er frestað til ársloka 1934.
5. Framkvæmd 12. gr. laga nr. 40 7. maí 1928, um breyting á jarðræktarlögum, nr. 43 20. júní 1923, er frestað á árinu 1934.
6. Kennslueftirlit það, sem ræðir um í 6.—8. gr. laga nr. 35 19. maí 1930, fellur burt til ársloka 1934.
7. $\frac{1}{8}$ hluti þeirra tekna, sem ræðir um í 1. gr. laga nr. 54 7. maí 1928, um menningarsjóð, skal frá 1. jan. 1934 til loka s. á. renna í ríkissjóð. Sjóðnum skal skylt að kaupa landinu til handa náttúrufræðisafn Guðmundar G. Bárðarsonar eftir mati þriggja manna, er ríkisstjórnin tilnefnir.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Amaliuborg, 19. júní 1933.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Ásgeir Ásgeirsson.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 46 15. júní 1926, um útsvör.

51

19. júní

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

6. gr. A. II. 2. 1. málsg. orðist svo:

Samvinnufélög. Þau greiða útsvar af arði síðasta útsvarsárs, sem leiðir af skiptum við utanfélagsmenn, eftir sömu reglum og kaupmenn sama staðar. Skattanefnd ákveður arð þennan, enda láti félagið nefndinni í té glögga skýrslu um skipti sín við utanfélagsmenn og ágóða af þeim. Annarskostar áætla skattanefnd arð af skiptum þessum, og byggist útsvarið á því.